

2015

ÁRSSKÝRSLA



SORPSTÖÐ SUÐURLANDS bs.

10/29/2015

Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) fyrir starfsárið 2014 – 2015 er fjallað um störf stjórnarinnar og getið helstu verkefna á milli aðalfunda 22. október 2014 og 29. október 2015.

Skipan stjórnar

Í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalmenn: Jón G. Valgeirsson, formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, varaformaður, Ari Thorarensen, Ásta Stefánsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Varamenn: Einar Bjarnason, Sveinn Steinarsson, Gunnar Egilsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir og Ágúst Sigurðsson.

Skoðunarmenn: Kristófer A. Tómasson og Haraldur Eiríksson.

Frá aðalfundi hefur stjórnin haldið 8 formlega fundi.

Verkefni stjórnar

Sameiningarviðræður við Sorpu bs.

Stjórn SOS tók aftur upp þráðinn þar sem frá var haldið varðandi viðræður við Sorpu en það má segja að þær hafi fallið í nokkuð dá í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga 2014.

Stjórn SOS fundaði einu sinni með þriggja manna hóp úr stjórn og framkvæmdastjórn Sorpu til að ræða þessi mál. Stjórn SOS skipaði síðan þriggja manna viðræðuhóp úr stjórninni, þau Jón, Aldísi og Ástu, til að funda með fulltrúum Sorpu. Hefur sá hópur fundað til viðbótar einu sinni með fulltrúum Sorpu. Enn sem komið er hefur niðurstaða ekki náðst í þeim viðræðum.

Samhliða þessum viðræðum hefur SOS framlengt tvisvar sinnum samning við Sorpu um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem upprunninn er á starfssvæði SOS. Rennur núverandi framlenging samningsins út um næstu áramót. SOS óskaði reyndar eftir lengri samningstíma en stjórn Sorpu hefur ekki verið tilbúin til að framlengja til lengri tíma en 6 mánaða í senn. Það þarf því að óska eftir frekari framlengingu á samningnum frá og með næstu áramótum.

Ljóst er að tíminn styttist sem við höfum til að tryggja traustan farveg fyrir þann úrgang og endurvinnanleg efni sem falla til á þessu svæði. Mikilvægt er að aðildarsveitarfélögin fylgist vel með framvindu mála og komi strax fram með skóðanir sínar og óskir. SOS og Sorpa hafa ekki gert drög að langtíma framhaldssamningi og óljóst er hvort af samruna byggðasamlaganna verður. Ekki liggur enn fyrir hver afstaða sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er og á hvaða forsendum Sorpstöð Suðurlands yrði tekin inn í samlagið. Ljóst er þó að Sorpa hefur áhuga á að byggja upp úrgangsmeðhöndlunarstað á Nessandi í tengslum við slíka sameiningu. Ekki liggur beint fyrir hvort það er forsenda þess að Sorpa vilji sameinast SOS yfirhöfuð. Þá liggur einnig fyrir að Sorpeyðingarstöð Suðurnesja er í viðræðum við Sorpu um framtíðina. Óljóst kann að vera hver er vilji

aðildarsveitarfélaga SOS. Mikilvægt er að fá fram vilja aðildarsveitarfélaganna um það hvert skuli stefna og síðan sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ef ekki er vilji fyrir sameiningunni þarf sem fyrst að huga að öðrum lausnum.

Viðræður við Sveitarfélagið Ölfus um meðhöndlun úrgangs á Nessandi.

Stjórn SOS hefur haldið fund með forráðamönnum Sveitarfélagsins Ölfuss til að skoða Nessand sem svæði til meðhöndlunar úrgangs. Stjórn SOS sendi erindi til sveitarfélagsins í mars þar sem leitað var svara um það hvort svæðið kæmi til greina vegna meðhöndlunar úrgangs og óskað eftir því að vinna færi fram um að kanna og greina svæðið betur. Svar sveitarfélagsins var neikvætt um að Nessandur yrði urðunarstaður fyrir úrgang en hvatti aðildarsveitarfélög SOS til koma á samræmdu fyrirkomulagi um meðhöndlun úrgangs o.fl. Þessi niðurstaða olli stjórn SOS vonbrigðum þar sem Nessandur er vænlegasti staðurinn á Suðurlandi og fáir kostir aðrir í stöðunni. Í kjölfarið ítrekaði Sveitarfélagið Ölfus ummæli sín um samræmt fyrirkomulag við meðhöndlun á úrgangi o.fl. Í kjölfar þeirrar bóknar og fundar með fulltrúum Sorpu var lögð fram ósk um fund fulltrúa SOS og Sorpu með fulltrúum Sveitarfélagsins Ölfus og var sá fundur haldinn í haust. Í framhaldi fundarins var samkomlag um að SOS og Sorpa sendu erindi til sveitarfélagsins þar sem óskað var eftir því að rannsókn myndi fara fram á Nessandi sem móttökustöð fyrir úrgang og urðun þannig að möguleikar svæðisins yrðu skoðar og kannaðir ýtarlega, bæði gagnvart aðstæðum og kostnaði. Beðið er svara við þessu erindi en ljóst er að vandi sveitarfélaganna á suðvesturhorninu er ærinn í þessum málaflokki

Frágangur urðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu

Mikil vinna hefur farið fram hjá stjórn SOS vegna frágangs á urðunarsvæðinu við Kirkjuferjuháleigu. Þó búið sé að selja flestar eignir á svæðinu þá er ekki hálf sagan sögð. Umhverfisstofnun er búin að samþykka skilmála um frágang og vöktun á svæðinu sem þarf að fara fram í 30 ár. Fyrir lá kostnaðaráætlun frá EFLU um nauðsynlegar framkvæmdir til að uppfylla skilyrði Umhverfisstofnunar og hljóðaði hún upp á rúmar 30 milljónir. Jafnframt þarf að vinna árlega við vöktun svæðisins og eftirlit og skila skýrslum til eftirlitsaðila. Búið er að gera þriggja ára samning við EFLU og ef sá samningur er framreikaður til 30 ára er kostnaður SOS um 60 millj. Stjórn SOS hefur þegar samið um ákveðnar nauðsynlegar framkvæmdir á árinu 2015 en ljóst er að sá kostnaður mun liggja nærri 5 milljónum. Það sviður óneitanlega hvað það er dýrt að loka Kirkjuferjuháleigu. Síðan á eftir að svara spurningunni hvað vilja sveitarfélögin gera við svæðið. Sem landeigendur er ljóst að erfitt er að horfa upp á að þetta verðmæta land sé ekki nýtt með einhverjum hætti í framtíðinni.

Orkugerðin ehf.

Sorpstöð Suðurlands á 34,1% hlut í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar á móti sláturleyfishöfum á Suðurlandi. Á starfstímanum hefur rekstur Orkugerðarinnar stefnt í öngstræti. Upp komu bilanir um áramótin og í kjölfar þess og athugasemda heilbrigðiseftirlitsins um fráveitumál var ljóst að reksturinn var í algeru uppnámi. Þá hafa nýjar reglur um móttöku sláturúrgangs í áættuflokki 1 skert möguleika verksmiðjunnar til að taka á móti ákveðnum tegundum sláturúrgangs. Sláturleyfishafar, sem jafnframt eru meðeigendur, hafa verið tregir til að láta komugjöld standa undir raunkostnaði. Að sumu leyti er það skiljanlegt því samkeppnisaðlar þeirra annarsstaðar á landinu komast upp með það að urða sláturúrgang og þá gegn miklu lægra gjaldi en móttökugjöld Orkugerðarinnar eru. Stjórn Orkugerðarinnar bað því um greiðslustöðvun í mars s.l. sem framlengd var til mánaðarmóta sept/okt. Stjórn Orkugerðarinnar er með í vinnslu að biðja um formlega nauðsamninga og það á eftir að sjá hvort það gengur eftir. Ekki er þó

gert ráð fyrir að svo stöddu að frekari fjármunir verði settir í fyrirtækið af hálfu SOS þó komi til nauðsamninga. Ekki er heldur útilokað að málið endi með gjaldþroti fyrirtækisins en þetta kemur væntanlega í ljós á næstu vikum hvað verður.

Stjórn SOS hefur hins vegar tryggt fyrirtækjum á Suðurlandi aðgang að brennslu/urðun í Kólku og Sorpu ef illa fer fyrir fyrirtækinu að því gefnu að samningar við Sorpu fáist framlengdir. Óneitanlega sviður það að ef á að fara að brenna og urða það sem áður var notað sem áburður. Að mati Landgræðslunar, sem hefur verið að nota kjötmöl til landgræðslu með góðum árangri, væri það mikil afturför.

Upplýsingar um úrgang frá sveitarfélögum:

Talsverð vinna hefur farið fram hjá stjórn SOS að reyna að glöggva sig á sorpmagni og flokkun úrgangs eftir sveitarfélögum á starfssvæðinu. Við skoðun kom í ljós að tvö sveitarfélög hafa ekki greitt nema að hluta umsýslugjald til SOS frá því í byrjun ársins 2014 og Sorpstöð Rangeyinga ekki greitt umsýslugaldið síðan í byrjun árs 2013. Það hefur farið mikil vinna í að vinda ofan af þessum málum og koma þeim á hreint en ljóst er að þetta hefur í för með sér skekkju í ársreikningum SOS fyrir árið 2013 og 2014. Misbrestur er að SOS fái upplýsingar frá hirðingaraðilum, sérstaklega einum, og þá hefur eflaust skort á eftirfylgni þar sem SOS hefur verið án framkvæmdastjóra. Það er skoðun stjórnar SOS að þær upplýsingar sem SOS er að birta núna í tengslum við aðalfundinn um magn, kostnað og tegundir úrgangs eftir sveitarfélögum séu ekki nægilega góðar og skýrar. Að mati stjórnar er nauðsynlegt að aðildarsveitarfélög og SOS séu samstíga um að fá allar upplýsingar um magn og fleiri upplýsingar frá hirðingaraðilum eða móttökustöðvum þannig að hvert sveitarfélag geti gert sér góða grein fyrir breytingum milli ára. Ef það er vilji sveitarfélaganna að SOS haldi utan um þennan tölfræði- og samburðarþátt verða þessir aðilar að vinna þétt saman.

Samningar SOS og SASS

Ljóst er að mikil vinna hefur farið fram hjá stjórn SOS við að stýra ákveðnum daglegum málum sem áður féllu undir framkvæmdastjóra félagsins. SOS og SASS hafa með sér samning um að SASS taki að sér ákveðin verkefni fyrir SOS og er það í sjálfu sér gott mál. Hins vegar gæti verið þörf á því að endurskoða hvaða þjónustu SOS er að kaupa af SASS og frekar að auka þann þátt heldur en hinn. Ljóst er að málaflokkurinn kallar á mikla vinnu á næstu árum og er hæpið að stjórn SOS eigi að vera starfandi framkvæmdastjórn fyrir SOS að óbreyttu.

Samráðshópur sorpsamlaganna á Suðvesturlandi.

Formaður og varaformaður SOS funduðu með samráðshópi sorpsamlaganna á Suðvesturlandi einu sinni á starfstímanum. Þar er áberandi það verkefni sem snýr að leit að framtíðar urðunarstað fyrir Suðvesturhornið. Ljóst er að gott er að hafa þennan samráðsvettvang á þessu sviði því verkefni framtíðarinnar í þessum málaflokki eru mörg og mikil.

Styrkir vegna kynningarmála.

SOS greiddi út til aðildarsveitarfélaganna, í samræmi við samþykkt aðalfundar SOS, styrk sem nam hagnaði ársins 2013 sem nam 11,3 millj.. Styrkurinn átti að fara til kynningarmála í sveitarfélögum og við fyrstu sýn virðist vel hafa tekist til með þetta verkefni. Nú hefur SOS greitt út til eignaraðila SOS kr. 15 millj. á árinu 2015 í samræmi við fjárhagsáætlun félagsins en geiðslurnar eiga að renna til sömu verkefna. Stjórn SOS hefur gert að tillögu sinni í fjárhagsáætlun sinni fyrir árið 2016 að SOS greiði út á næsta ári, kr. 10. millj. sem

eigi að renna til kynningarmála. Mikilvægt er að sveitarfélögin nýti þessa fjármuni í það sem þeim er ætlað og gefi SOS skýrslu um notkun þeirra.

Lokaorð

Ljóst er að málaflokkurinn er í enn og aftur í mikilli óvissu. Ekki liggja fyrir neinar niðurstöður um sameiningu við Sorpu eða á stærra svæði. Alls óljóst er hvort einhverjir samningar nást um stað á Suðurlandi fyrir meðhöndlun úrgangs og urðun. Það stýttist í að sveitarfélögin megi ekki urða neinn lífrænan úrgang og þurfi að uppfylla önnur skilyrði svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Skammtímasamningar við Sorpu um móttöku úrgangs eru alls ófullnægjandi að því leiti að þeir veita enga tryggingu fyrir meðhöndlunarúrræðum á úrgangi til framtíðar. Þá er ljóst að SOS verður í framtíðinni fyrir verulegum fjárútlátum vegna lokunar Kirkjuferjuhjáleigu. Eflaust mun kostnaður við meðhöndlun og eyðingu sorps í framtíðinni einungis hækka þannig að þessi málflokkur verður kostnaðarsamur fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra í framtíðinni.

Nýrri stjórn SOS bíða því ýmsar áskoranir.